


# KENNARASAMBAND ÍSLANDS

---

Könnun meðal trúnaðarmanna 2013 og 2017

**Hjördís Sigursteinsdóttir**

**September 2017**



## EFNISYFIRLIT

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
SPURNINGALISTI .....	4
ÞÁTTAKENDUR OG SVARHLUTFALL .....	4
<b>ALMENNAR UPPLÝSINGAR</b> .....	<b>5</b>
Í HVADA AÐILDARFÉLAGI KÍ ERTU? .....	5
VIRKUR TRÚNAÐARMAÐUR .....	5
ALDUR ÞÁTTAKENDA .....	6
BÚSETA ÞÁTTAKENDA .....	6
ÁRAFJÖLDI SEM TRÚNAÐARMAÐUR .....	7
FJÖLDI FÉLAGSMANNA Í AÐILDARFÉLAGI TRÚNAÐARMANNA .....	7
ÖRYGGISTRÚNAÐARMAÐUR EÐA ÖRYGGISNEFND Á VINNUSTAÐNUM .....	8
ÖNNUR HLUTVERK TIL VIÐBÓTAR VIÐ TRÚNAÐARMANNAHLUVERKID .....	8
<b>VERKEFNI TRÚNAÐARMANNA</b> .....	<b>9</b>
TÍÐNI VERKEFNA .....	9
UM HVAD HAVA VERKEFNIN SNÚIST? .....	9
ÁLAG Á TRÚNAÐARMENN .....	10
HVERNIG BERAST VERKEFNIN TIL TRÚNAÐARMANNA .....	11
<b>AÐKOMA ANNARRA AÐILA AÐ VERKEFNUM</b> .....	<b>11</b>
AÐKOMA ANNARRA AÐ VERKEFNUNUM .....	12
ÁNÆGJA MEÐ SAMSKIPTI VIÐ AÐRA SEM TRÚNAÐARMAÐUR .....	12
<b>SVIGRÚM OG AÐSTAÐA TIL AÐ SINNA TRÚNAÐARMANNASTARFINU</b> .....	<b>13</b>
SVIGRÚN TIL AÐ SINNA TRÚNAÐARMANNASTARFINU Í VINNUTÍMANUM .....	13
AÐSTAÐA TIL AÐ SINNA TRÚNAÐARMANNASTARFINU Á VINNUSTAÐ .....	14
<b>UMBUN FRÁ SKÓLASTJÓRNANDA EÐA VINNUVEITANDA</b> .....	<b>15</b>
UMBUN FRÁ SKÓLASTJÓRNANDA EÐA VINNUVEITANDA FYRIR TRÚNAÐARMANNASTÖRF .....	15
ÁKJÓSANLEG UMBUN FYRIR TRÚNAÐARMENN .....	15
<b>UPPLÝSINGAGJÖF TIL TRÚNAÐARMANNA</b> .....	<b>16</b>
UPPLÝSINGAR UM NÝTT STARFSFÓLK, RÁÐNINGARKJÖR OG UMSÆKJENDUR .....	16
UPPLÝSINGAR EF FÆKKA Á KENNURUM EÐA ÁMINNING EÐA UPPSÖGN ER VÆNTANLEG .....	17
UPPLÝSINGAR UM LAUNARÖÐUN .....	18

<b>SAMSKIPTI VIÐ SKÓLASTJÓRNANDA OG VINNUVEITENDUR .....</b>	<b>18</b>
VIÐHORF GAGNVART BEIÐNI UM AÐ SÆKJA ÞING, FUNDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ Á VEGUM AÐILDARFÉLAGS EÐA KÍ .....	18
HEFUR VERIÐ LÁTIN GJALDA ÞESS Í STARFI EÐA Á ANNAN HÁTT AÐ VERA TRÚNAÐARMAÐUR .....	19
<b>FRÆÐSLA FYRIR TRÚNAÐARMENN .....</b>	<b>20</b>
ÞÁTTTAKA Í FRÆÐSLU SEM TRÚNAÐARMAÐUR .....	20
ÁSTÆÐA FYRIR AÐ SÆKJA EKKI FRÆÐSLU Á VEGUM AÐILDARFÉLAGS EÐA KÍ .....	20
MEIRI EÐA MINNI FRÆÐSLA HJÁ STÉTTARFÉLAGINU FYRIR TRÚNAÐARMENN .....	21
HVAÐ ÞARF HELST AÐ FRÆÐAST FREKAR UM? .....	22
HENTUGASTA FRÆÐSLUFORMIÐ .....	23
<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>23</b>

## INNGANGUR

Í þessari skýrslu koma fram meginniðurstöður rannsóknar á starfsaðstæðum trúnaðarmanna Kennarasambands Íslands og viðhorfum þeirra til ýmissa þátta í starfi trúnaðarmanns.

Rannsóknin hefur verið framkvæmd tvisvar sinnum, í marsmánuði 2013 og í maímánuði 2017. Í þessari skýrslu eru niðurstöður þessara tveggja rannsókna bornar saman.

### SPURNINGALISTI

Spurningalistinn sem notaður var í rannsókninni 2017 samanstóð af spurningum sem notaðar voru í fyrirlögninni árið 2013. Capacent Gallup framkvæmdi rannsóknina árið 2013.

### ÞÁTTAKENDUR OG SVARHLUTFALL

Í rannsókninni 2013 var spurningalistinn sendur rafrænt á 460 trúnaðarmenn Kennarasambands Íslands. Svör bárust frá 379 trúnaðarmönnum, svarhlutfall var 82,4%.

Í rannsókninni 2017 var spurningalistinn sendur rafrænt á 442 trúnaðarmenn Kennarasambands Íslands. Þrjú netföng reyndust ógild, þannig að 439 trúnaðarmenn höfðu tækifæri til að svara spurningalistanum. Svör bárust frá 352 trúnaðarmönnum, svarhlutfall var 80,2%.


Svörun í þessum tveimur fyrirlögnum spurningalistans er áþekk.

## ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Í þessum hluta er fjallað um í hvaða aðildarfélagi viðkomandi er, hvort hann hafi verið trúnaðarmaður á þessu skólaári, aldur, búseta, árafjöldi sem trúnaðarmaður, fjöldi félagsmanna í viðkomandi aðildarfélagi á vinnustaðnum, hvort öryggistrúnaðarmaður eða öryggisnefnd sé á vinnustaðnum og hvort viðkomandi hefði önnur hlutverk til viðbótar við trúnaðarmanna-hlutverkið.

### Í HVADA AÐILDARFÉLAGI KÍ ERTU?

Byrjað var á því að spyrja um aðildarfélag. Langflestir eru í Félagi grunnskólakennara og Félagi leikskólakennara í báðum fyrirlögnum spurningalistans. Sjá má að aðeins hærra hlutfall trúnaðarmanna er í Félagi leikskólakennara í könnuninni árið 2017 en 2013 og aðeins lægra hlutfall í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum árið 2017 en 2013. Munurinn reyndist þó ekki marktækur.




Mynd 1. Í hvaða aðildarfélagi kí ertu?

### VIRKUR TRÚNAÐARMAÐUR

Í fyrirlögninni 2017 var spurt hvort viðkomandi hefði verið trúnaðarmaður á þessu skólaári (2016-2017) en í fyrirlögninni 2013 var spurt hvort viðkomandi hefði sinnt verkefnum sem trúnaðarmaður á árinu 2012. Í fyrirlögninni 2017 voru 16 svarendur (4,6%) sem ekki höfðu sinnt trúnaðarmannastörfum skólaárið 2016-2017 og voru því ekki spurðir fleiri spurninga. Í fyrirlögninni 2013 voru 32 svarendur (8,6%) sem höfðu ekki sinnt verkefnum sem trúnaðarmaður árið 2012 auk þess sem 7 (1,8%) svöruðu ekki spurningunni.

## ALDUR ÞÁTTAKENDA


Spurt var um aldur viðkomandi. Gefnir voru upp fimm aldursflokkar sem viðkomandi gat merkt við en við úrvinnslu var tveimur fyrstu aldursflokkunum steipt saman vegna fámennis í þeim fyrsta. Hlutfallslega flestir trúnaðarmenn voru á aldrinum 40-49 ára bæði í fyrirlögninni 2013 og 2017 en sjá mátti að í fyrirlögninni 2013 voru hlutfallslega færri trúnaðarmenn 60 ára og eldri en í fyrirlögninni 2017. Þetta gefur til kynna að aldur trúnaðarmanna hafi farið hækkandi milli fyrirlagna spurningalistans. Ekki kom þó fram marktækur munur á aldursflokkum eftir könnunum.



Mynd 2. Á hvaða aldri ertu?

## BÚSETA ÞÁTTAKENDA


Spurt var hvar viðkomandi var búsettur og landinu skipt upp í átta landshluta, Austurland, höfuðborgarsvæðið, Norðurland eystra, Norðurland vestra, Reykjanes, Suðurland, Vestfirðir og Vesturland. Við úrvinnslu gagna árið 2013 var svörum steipt saman og skipt í fernt; höfuðborgarsvæðið, Reykjanes/Suðurland, Vesturland/Vestfirðir/Norðurland vestra, Norðurland eystra/Austfirðir. Rétt rúmlega helmingur trúnaðarmannanna var búsettur á höfuðborgarsvæðinu bæði í fyrirlögninni 2013 og 2017 en einnig má sjá að hlutfallsleg skipting trúnaðarmanna eftir búsetu var mjög svipuð í báðum fyrirlögnunum.



Mynd 3. Hvar ertu búsettur?

## ÁRAFJÖLDI SEM TRÚNAÐARMAÐUR


Spurt var hversu lengi viðkomandi hafi verið trúnaðarmaður og í fyrirlögninni 2017 var útskýrt að kjör trúnaðarmanna skuli almennt vera til tveggja ára skv. lögum og að heimilt er að vera lengur með samþykki félagsmanna viðkomandi aðildarfélags á vinnustaðnum. Í fyrirlögninni 2017 höfðu 21% trúnaðarmanna verið innan við eitt ár sem trúnaðarmaður en í fyrirlögninni 2013 höfðu 16% svarenda verið trúnaðamenn innan við eitt ár. Flestir hafa verið lengur en 2 ár sem trúnaðarmenn eða rúm 57% árið 2013 og tæp 60% árið 2017.



Mynd 4. Hversu lengi hefur þú verið trúnaðarmaður?

## FJÖLDI FÉLAGSMANNA Í AÐILDARFÉLAGI TRÚNAÐARMANNA


Spurt var um fjölda félagsmanna í aðildarfélagi á vinnustaðnum. Gefnir voru upp sex valkostir, þar af veit ekki. Við úrvinnslu gagna 2013 kom í ljós að mjög fáir trúnaðarmenn voru á vinnustöðum með fleiri en 51 félagsmann og því var síðustu þremur valkostunum steipt í einn og unnið með þrjá valkosti. Í nær helmings tilvika voru 11-50 félagsmenn í aðildarfélagi á vinnustaðnum og átti það við um bæði árið 2013 og 2017. Sjá má að hlutfallsleg skipting fjölda félagsmanna er mjög svipuð fyrir árin 2013 og 2017.



Mynd 5. Á hvaða bili er fjöldi félagsmanna í þínu aðildarfélagi á þínum vinnustað?

## ÖRYGGISTRÚNAÐARMAÐUR EÐA ÖRYGGISNEFND Á VINNUSTAÐNUM


Spurt var hvort það væri öryggistrúnaðarmaður og/eða öryggisnefnd á vinnustaðnum. Um 80% trúnaðarmanna svaraði því til, bæði árið 2013 og 2017, að öryggistrúnaðarmaður og/eða öryggisnefnd væri á vinnustað þeirra.



Mynd 6. Er öryggistrúnaðarmaður og/eða öryggisnefnd á þínum vinnustað?

## ÖNNUR HLUTVERK TIL VIÐBÓTAR VIÐ TRÚNAÐARMANNAHLUTVERKIÐ

Spurt var hvort viðkomandi væri í öðrum hlutverkum til viðbótar við trúnaðarmannahlutverkið. Um þriðjungur trúnaðarmanna svaraði því til að vera í öðrum hlutverkum til viðbótar við trúnaðarmannahlutverkið. Algengast var bæði í fyrirlögninni 2013 (11%) og í fyrirlögninni 2017 (10%) að trúnaðarmenn væru einnig í stjórn svæðafélags, svæðadeildar eða félagsdeildar.



Mynd 7. Á eitthvað af eftirtöldu við um þig? Hér er átt við önnur hlutverk til viðbótar við trúnaðarmannahlutverkið




## VERKEFNI TRÚNAÐARMANNA

Í þessum hluta er fjallað um verkefni trúnaðarmanna, hversu oft viðkomandi hefur sinnt verkefnum og um hvað verkefnin hafa snúist. Einnig er fjallað um álag í trúnaðarmannastarfinu eftir efnahagshrunið árið 2008 eða miðað við síðasta skólaár og hvernig verkefnin berast trúnaðarmönnum.

### TÍÐNI VERKEFNA


Spurt var hversu oft viðkomandi hafi sinnt verkefnum sem trúnaðarmaður á þessu skólaári. Gefnir voru upp þrjú svarmöguleikar; 1-5 skipti, 6-10 skipti og oftar en 10 skipti. Mun fleiri verkefni komu inn á borð trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 miðað við fyrirlögnina 2013. Um 35% trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 sinntu meira en 10 verkefnum sem trúnaðarmenn skólaárið 2016-2017 miðað við rúm 23% í fyrirlögninni 2013. Rúmlega helmingur trúnaðarmannanna í könnuninni árið 2013 sinnti einu til fimm verkefnum sem trúnaðarmenn á meðan 44% trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 sinntu einu til fimm verkefnum.



Mynd 8. Hversu oft hefur þú sinnt verkefnum sem trúnaðarmaður á þessu skólaári?

### UM HVAÐ HAFU VERKEFNIN SNÚIST?

Spurt var um hvað verkefnin hafa snúist sem viðkomandi sinnti sem trúnaðarmaður á skólaárinu. Gefnir voru upp 16 valmöguleikar í fyrirlögninni 2013 sem hægt var að merkja við auk þess sem boðið var upp á að skrifa sinn eigin texta. Í fyrirlögninni 2017 var valmöguleikum fjölgað úr 16 í 23. Í báðum fyrirlögnum var lang algengast að málin snérust um að koma upplýsingum frá aðildarfélagi eða KÍ á framfæri á vinnustaðnum eða í 90% tilvika í fyrirlögninni 2017 og í tæpum 84% í fyrirlögninni 2013. Nokkuð hærra hlutfall verkefna snérist um samskipti, vinnutíma, breytingar á kjörum og orlof, fæðingar- eða foreldraorlof í fyrirlögninni 2013 en í fyrirlögninni 2017 og mun hærra hlutfall verkefna í fyrirlögninni 2017 snéri að því að sjá um atkvæðagreiðslu um kjarasamning eða boðun verkfalls og starfsmannasamtöl og starfspróun.



**Mynd 9. Um hvað hafa verkefni snúist sem þú hefur sinnt sem trúnaðarmaður á þessu skólaári?**

Af þessum viðbótarvalmöguleikum sem í boði voru í fyrirlögninni 2017 þá voru nær 35% trúnaðarmanna sem merktu við að verkefni hafi snúist um vinnumat og 12% um ráðningar og auglýsingur starfa.

### ÁLAG Á TRÚNAÐARMENN


Í spurningalistanum 2013 var spurt hvort viðkomandi trúnaðarmaður finni fyrir meira eða minna álagi nú en fyrir kreppu og var bent á að með kreppu væri átt við efnagagshrunið árið 2008. Í spurningalistanum 2017 var spurt hvort viðkomandi finni fyrir meira álagi á skólaárinu 2016-2017 miðað við síðasta skólaár. Hér er um tvær ólíkar spurningar að ræða, í fyrri fyrirlögninni (2013) var verið að vísa í ákveðinn atburð sem átti sér stað fimm árum áður sem þýddi að aðeins þeir sem höfðu starfað það lengi sem trúnaðarmenn höfðu forsendur til að svara þeirri spurningu og í fyrirlögninni 2013 var ekki boðið upp á þann möguleika að nefna dæmi um meira álag í trúnaðarmannsstarfinu. Spurningin eins og hún er orðuð í fyrirlögninni 2017 gaf öllum færi

á að meta álagið nema þeim sem byrjuðu sem trúnaðarmenn það skólaárið, auk þess sem trúnaðarmenn voru beðnir að nefna dæmi um hvernig þeir fyndu fyrir meira álagi í starfi. .

Í fyrirlögninni 2013 fann 48,1% trúnaðarmannanna fyrir meira álagi þá (árið 2013) en fyrir efnahagshrunið (fyrir 2008). Í fyrirlögninni 2017 fann 42,5% trúnaðarmannanna fyrir meira álagi skólaárið 2016-2017 miðað við síðasta skólaár. Stafaði það aðallega af álagi vegna nýrra kjarasamninga og vinnu tengdri honum sem og vegna nýs vinnumats. Einnig voru margir sem nefndu álag vegna óánægju félagsmanna með kjarasamning, vinnuaðstæður og samskipti á vinnustaðnum.

### HVERNIG BERAST VERKEFNIN TIL TRÚNAÐARMANNA

Spurt var eftir hvaða leiðum mál berist til trúnaðarmannanna að öllu jöfnu. Gefnir voru fjórir valkostir; frá félagsmönnum, frá stéttarfélagi, frá vinnuveitanda/skólastjórnendum og af eigin frumkvæði. Auk þess sem trúnaðarmenn gátu skrifað inn sitt eigið svar. Sjá má að í fyrirlögninni 2017 bárust mun fleiri mál inn á borð trúnaðarmanna frá vinnuveitanda eða skólastjórnendum en í fyrirlögninni 2013.




Mynd 10. Eftir hvaða leiðum berast mál til þín, sem trúnaðarmanns, að öllu jöfnu?

### AÐKOMA ANNARRA AÐILA AÐ VERKEFNUM

Í þessum hluta er fjallað um hversu mikla eða litla aðkomu vinnuveitandi/skólastjórnandi, stéttarfélag, samstarfsfólk á vinnustað, trúnaðarmaður/menn annarra stéttarféлага, fræðsluskrifstofa/starfsmannastjóri eða öryggistrúnaðarmaður/öryggisnefnd höfðu að lausn þeirra verkefna sem viðkomandi sinnti sem trúnaðarmaður og hversu ánægður viðkomandi var með samskiptin við þessa aðila.

## AÐKOMA ANNARRA AÐ VERKEFNUM

Spurt var hversu mikla eða litla aðkomu vinnuveitandi/skólastjóri, stéttarfélag, samstarfsfólk á vinnustað, trúnaðarmaður/menn annarra stéttarféлага, fræðsluskrifstofa/starfsmannastjóri eða öryggistrúnaðarmaður/öryggisnefnd höfðu að lausn þeirra verkefna sem viðkomandi sinnti sem trúnaðarmaður. Algengast var að vinnuveitandi/skólastjóri, stéttarfélag og samstarfsfólk á vinnustaðnum hefðu mikla eða nokkra aðkomu að lausn þeirra verkefna sem trúnaðarmenn sinntu, bæði í fyrirlögninni 2013 og 2017. Sjá má að algengara var í fyrirlögninni 2017 að stéttarfélag hefði enga aðkomu að lausn verkefnanna sem trúnaðarmenn sinntu en í fyrirlögninni 2013. Einnig má sjá að fræðsluskrifstofa/starfsmannastjóri/mannauðsstjóri hafði síður aðkomu að verkefnum í fyrirlögninni árið 2013 en árið 2017.




Mynd 11. Hversu mikla eða litla aðkomu höfðu eftirtaldir aðilar að lausn þeirra verkefna sem þú sinntir sem trúnaðarmaður á þessu skólaári?

## ÁNÆGJA TRÚNAÐARMANNA MEÐ SAMSKIPTI VIÐ AÐRA AÐILA

Spurt var hversu ánægður eða óánægður viðkomandi væri með samskipti við vinnuveitanda/skólastjóra, stéttarfélag, samstarfsfólk á vinnustað, trúnaðarmann/menn annarra stéttarféлага, fræðsluskrifstofu/starfsmannastjóra eða öryggistrúnaðarmann/öryggisnefnd sem trúnaðarmaður. Almennt séð, þá voru trúnaðarmenn ánægðari með samskipti sín við aðra aðila í fyrirlögninni 2017 en í fyrirlögninni 2013. Síst voru trúnaðarmenn ánægðir með

samskipti sín við fræðsluskrifstofu/starfsmannastjóra/mannauðsstjóra og var óánægjan með þá aðila mun meiri í fyrri fyrirlögninni en þeirri síðari (20% voru mjög eða frekar óánægðir í fyrirlögninni 2013 og 11% í fyrirlögninni 2017). Sama munstur mátti sjá varðandi samskipti við öryggistrúnaðarmann eða öryggisnefnd en í fyrirlögninni 2013 voru 8% trúnaðarmanna óánægðir með þau samskipti en 2% trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017.



Mynd 12. Hversu ánægður eða óánægður ertu með samskiptin við eftirtalda aðila, sem trúnaðarmaður?


## SVIGRÚM OG AÐSTAÐA TIL AÐ SINNA TRÚNAÐARMANNASTARFINU

Í þessum hluta er fjallað um hvort viðkomandi trúnaðarmaður hafi svigrúm til þess að sinna trúnaðarmannastarfinu í vinnutímanum og hvernig aðstöðu viðkomandi hafi til að sinna því á vinnustað.

### SVIGRÚM TIL AÐ SINNA TRÚNAÐARMANNASTARFINU Í VINNUTÍMANUM

Spurt var hvort viðkomandi hafi svigrúm til að sinna trúnaðarmannastarfinu í vinnutímanum. Almennt séð hafa trúnaðarmenn ekki nægilegt svigrúm í vinnutímanum til þess að sinna trúnaðarmannastarfinu. Þó má sjá að hlutfallslega fleiri trúnaðarmenn í síðari fyrirlögninni (2017) hafi þó oftast svigrúm innan vinnutímans en trúnaðarmenn í fyrri fyrirlögninni (2013) því


tæp 63% trúnaðarmanna höfðu oft eða alltaf svigrúm til að sinna trúnaðarmannastarfinu í vinnutímanum í fyrirlögninni 2017 á móti tæpum 58% í fyrirlögninni 2013.



Mynd 13. Hefur þú svigrúm til að sinna trúnaðarmannastarfinu í vinnutímanum?

### AÐSTAÐA TIL AÐ SINNA TRÚNAÐARMANNASTARFINU Á VINNUSTAÐ

Spurt var hvernig aðstöðu viðkomandi hafi til að sinna trúnaðarmannastarfinu á vinnustað. Almennt séð þá töldu trúnaðarmenn í fyrirlögninni 2017 sig hafa verri aðstöðu á vinnustaðnum til að sinna trúnaðarmannastarfinu en í fyrirlögninni 2013. Í fyrirlögninni 2013 hafði helmingur trúnaðarmannanna góða aðstöðu á vinnustaðnum til að sinna trúnaðarmannastarfinu en í fyrirlögninni 2017 var hlutfallið aðeins 38%. Einnig kom í ljós að í fyrirlögninni 2017 höfðu rúm 13% trúnaðarmannanna enga aðstöðu til að sinna trúnaðarmannastarfinu á vinnustað en það hlutfall var tæpt 9% í fyrirlögninni 2013.




Mynd 14. Hvernig aðstöðu hefur þú til að sinna trúnaðarmannastarfinu á vinnustað?

## UMBUN FRÁ SKÓLASTJÓRNANDA EÐA VINNUVEITANDA

Í þessum hluta er fjallað um hvort viðkomandi hafi fengið umbun frá skólastjórnanda eða vinnuveitanda fyrir störf sín sem trúnaðarmaður og hvaða umbun, ef einhverja, viðkomandi telur ákjósanlega fyrir trúnaðarmenn að fá fyrir störf sín.

### UMBUN FRÁ SKÓLASTJÓRNANDA EÐA VINNUVEITANDA FYRIR TRÚNAÐARMANNASTÖRF


Spurt var hvort viðkomandi hafi fengið umbun frá skólastjórnanda eða vinnuveitanda fyrir störf sín sem trúnaðarmaður. Almennt séð er ekki algengt að trúnaðarmenn fái umbun frá skólastjórnanda eða vinnuveitanda fyrir störf sín sem trúnaðarmaður. Þó má sjá að hærra hlutfall trúnaðarmanna svari því til í seinni fyrirlofninni (2017) að þeir fái umbun frá skólastjórnanda eða vinnuveitanda fyrir trúnaðarmannastörfina eða 12% á móti 7% árið 2013.



Mynd 15. Hefur þú fengið umbun frá skólastjórnanda/vinnuveitanda fyrir störf þín sem trúnaðarmaður?

### ÁKJÓSANLEG UMBUN FYRIR TRÚNAÐARMENN

Spurt var hvaða umbun, ef einhverja, viðkomandi telur ákjósanlega fyrir trúnaðarmenn að fá fyrir störf sín. Algengast var að trúnaðarmenn töldu launagreiðslur eða hækkun um launaflokk ákjósanlega umbun fyrir störf sín, bæði í fyrirlofninni 2013 (45%) og 2017 (52%) þó hlutfallið hafi verið mun hærra í síðari fyrirlofninni. Auk þess sem mun hærra hlutfall trúnaðarmanna í fyrirlofninni 2013 en 2017 var sátt við umbunina eins og hún er eða tæp 12% á móti 2%. Í fyrirlofninni 2013 töldu trúnaðarmenn í mun meira mæli en í fyrirlofninni 2017 að aukinn undirbúningstími (18% á móti 4%) væri ákjósanleg umbun fyrir störfina en hærra hlutfall trúnaðarmanna í fyrirlofninni 2017 en í fyrirlofninni 2013 taldi aukið orlof vera ákjósanlega umbun (14% á móti 10%).



Mynd 16. Hvaða umbun, ef einhverja, telur þú ákjósanlega fyrir trúnaðarmenn að fá fyrir störf sín?


## UPPLÝSINGAGJÖF TIL TRÚNAÐARMANNA

Í þessum hluta er fjallað um upplýsingagjöf yfirmanna til trúnaðarmanna samkvæmt lögum nr. 94/1986, hvort trúnaðarmönnum eru veittar upplýsingar um ef staða losnar á vinnustaðnum, þegar ráðgert er að bæta við kennara eða upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starf sem hefur verið auglýst, hvort þeim eru veittar upplýsingar um ef fækka á kennurum eða áminning/uppsögn er væntanleg og hvort að veittar eru upplýsingar um launaröðun félagsmanna þegar óskað er eftir þeim vegna starfa þeirra sem trúnaðarmaður.

### UPPLÝSINGAR UM NÝTT STARFSFÓLK, RÁÐNINGARKJÖR OG UMSÆKJENDUR

Spurt var hvort viðkomandi fái upplýsingar um ef staða losnar á vinnustaðnum, ráðgert er að bæta við kennara eða upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starf sem hefur verið auglýst. Sjá má að hlutfallslega fleiri í fyrirlögninni 2017 fá upplýsingar um stöður sem losna á vinnustaðnum, þegar ráða á nýja kennara, um ráðningarkjör og hverjir sækja um starf en í fyrirlögninni árið 2013. Mun hærra hlutfall trúnaðarmanna sagðist alltaf fá upplýsingar um slíkt í fyrirlögninni 2017 en 2013 (18% á móti 11%) og lægra hlutfall trúnaðarmanna sagðist aldrei frá slíkar upplýsingar í fyrirlögninni árið 2017 en í fyrirlögninni 2013 (32% á móti 43%).






Mynd 17. Eru þér veittar upplýsingar um ef staða losnar á vinnustaðnum, ráðgert er að bæta við kennara eða upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starf sem hefur verið auglýst?

### UPPLÝSINGAR EF FÆKKA Á KENNURUM EÐA ÁMINNING EÐA UPPSÖGN ER VÆNTANLEG


Spurt var hvort viðkomandi fái upplýsingar um ef fækka á kennurum eða áminning eða uppsögn er væntanleg. Hærra hlutfall trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 en 2013 (25% á móti 22%) fékk alltaf upplýsingar um ef fækka átti kennurum eða áminning eða uppsögn var væntanleg. Jafnframt má sjá að lægra hlutfall trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 en 2013 fékk aldrei upplýsingar um slíkt eða 29% á móti 38%.



Mynd 18. Eru þér veittar upplýsingar um ef fækka á kennurum eða áminning/uppsögn er væntanleg?

## UPPLÝSINGAR UM LAUNARÖÐUN

Spurt var hvort viðkomandi fái upplýsingar launaröðun félagsmanna þegar óskað er eftir þeim vegna starfa sinna sem trúnaðarmaður. Greinilegt er að í fyrirlögninni 2013 var mjög erfitt að fá slíkar upplýsingar því meira en helmingur trúnaðarmanna (56%) sagðist aldrei fá slíkar upplýsingar en í fyrirlögninni 2017 sagðist aðeins 10% trúnaðarmanna aldrei fá upplýsingar um launaröðun. Jafnframt má sjá að rúm 58% trúnaðarmanna svöruðu því til í fyrirlögninni 2017 að þeir fái alltaf upplýsingar um launaröðun félagsmanna þegar þeir óska eftir því og tæp 15% oft en í fyrirlögninni 2013 svöruðu rúm 12% því til að þeir fái alltaf upplýsingar um launaröðun félagsmanna og tæp 6% að þeir fengju slíkar upplýsingar oft.




Mynd 19. Eru þér veittar upplýsingar um launaröðun félagsmanna þegar þú óskar eftir þeim vegna starfa þinna sem trúnaðarmaður?

## SAMSKIPTI VIÐ SKÓLASTJÓRNANDA OG VINNUVEITENDUR

Í þessum hluta er fjallað um það hvernig beiðni trúnaðarmanns um að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum aðildarfélags eða KÍ er almennt tekið af skólastjórnanda og hvort viðkomandi hafi verið látinn gjalda þess í starfi eða á annan hátt að vera trúnaðarmaður.

### VIÐHORF GAGNVART BEIÐNI UM AÐ SÆKJA ÞING, FUNDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ Á VEGUM AÐILDARFÉLAGS EÐA KÍ


Spurt var hvernig beiðni trúnaðarmanns um að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum aðildarfélags eða KÍ væri almennt tekið af skólastjórnanda/skólastjórnendum. Greinilegt er á svörum trúnaðarmanna að viðhorf skólastjórnanda gagnvart beiðnum um að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum aðildarfélags eða KÍ er betur tekið í fyrirlögninni 2017 en 2013. Í seinni fyrirlögninni svöruðu tæp 73% að beiðnum þeirra væri almenn tekið mjög vel en hlutfallið var 65% í fyrri fyrirlögninni. Þó má sjá að í seinni fyrirlögninni var aðeins hærra hlutfall trúnaðarmanna sem svaraði því til að beiðnum þeirra væri fremur illa tekið eða rúm 4% á móti tæpum 2% í þeirri fyrri.



Mynd 20. Hvernig er beiðni þinni sem trúnaðarmanns um að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum aðildarfélags þíns eða KÍ almennt tekið af skólastjórnanda/skólastjórnendum?

## HEFUR ÞÚ VERIÐ LÁTINN GJALDA ÞESS Í STARFI EÐA Á ANNAN HÁTT AÐ VERA TRÚNAÐARMAÐUR?

Spurt var hvort viðkomandi hafi verið látinn gjalda þess í starfi eða á annan hátt að vera trúnaðarmaður. Almennt séð eru trúnaðarmenn ekki látnir gjalda þess í starfi eða á annan hátt að vera trúnaðarmaður þar sem mikill meirihluti trúnaðarmanna svaraði spurningunni neitandi, bæði í fyrirlögninni 2013 og 2017. Þó má sjá að hærra hlutfall trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 en 2013 svaraði því játandi að þeir hefðu verið látnir gjalda þess í starfi eða á annan hátt að vera trúnaðarmaður eða 7,9% á móti tæpum 5,5% í fyrirlögninni 2013.




Mynd 21. Hefur þú verið látinn gjalda þess í starfi eða á annan hátt að þú ert trúnaðarmaður?

## FRÆÐSLA FYRIR TRÚNAÐARMENN

Í þessum hluta er fjallað um fræðslu fyrir trúnaðarmenn, hvort viðkomandi hafi sótt fræðslu sem trúnaðarmaður og ef ekki, þá hvers vegna, hvort stéttarfélagið eigi að bjóða upp á meiri eða minni fræðslu fyrir trúnaðarmenn, hvað viðkomandi hefði þörf fyrir að fræðast frekar um og hvaða fræðsluform myndi henta best.

### ÞÁTTAKA Í FRÆÐSLU SEM TRÚNAÐARMAÐUR


Spurt var hvort viðkomandi hafi sótt fræðslu, sem trúnaðarmaður, á skólaárinu á vegum aðildarfélags og/eða KÍ. Tekið var fram að með fræðslu væri átt við námskeið, ráðstefnur, málþing, fyrirlestra eða aðra fræðslu. Mun herra hlutfall trúnaðarmanna hafði sótt fræðslu sem trúnaðarmaður á vegum aðildarfélags og/eða KÍ í fyrirlögninni 2013 en árið 2017 eða 82% á móti 72% árið 2017.



Mynd 22. Hefur þú sótt fræðslu, sem trúnaðarmaður, á þessu skólaári, á vegum þíns aðildarfélags og/eða KÍ?

### ÁSTÆÐA FYRIR AÐ SÆKJA EKKI FRÆÐSLU Á VEGUM AÐILDARFÉLAGS EÐA KÍ


Spurt var hver væri meginástæða þess að viðkomandi hafi ekki sótt fræðslu (námskeið, ráðstefnur, málþing, fyrirlestra eða aðra fræðslu) á vegum aðildarfélags og/eða KÍ. Í spurningalistanum árið 2017 voru átta svarmöguleikar í boði, auk þess sem viðkomandi gat skrifað inn sinn texta, en í spurningalistanum 2013 voru fimm af þessum átta svarmöguleikum í boði. Í fyrirlögninni 2013 var herra hlutfall trúnaðarmanna en í fyrirlögninni 2017 sem vissi ekki hvaða fræðsla var í boði eða rúm 14% á móti tæpum 10% í fyrirlögninni 2017. Einnig má sjá að umtalsvert herra hlutfall trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 en 2013 var búið að sækja þá fræðslu sem var í boði fyrir trúnaðarmenn eða tæp 18% á móti tæpum 11% árið 2013, og að staðsetningin hentaði ekki eða rúm 12% í fyrirlögninni 2017 á móti tæpum 8% í fyrirlögninni 2013.



Mynd 23. Hver er meginástæða þess að þú sóttir ekki slíka fræðslu?

### MEIRI EÐA MINNI FRÆÐSLA HJÁ STÉTTARFÉLAGINU FYRIR TRÚNAÐARMENN


Spurt var hvort viðkomandi finnst að stéttarfélagið ætti að standa fyrir meiri eða minni fræðslu fyrir trúnaðarmenn en nú er í boði. Hærra hlutfall trúnaðarmanna taldi í fyrirlögninni árið 2013 að þörf væri á meiri fræðslu frá stéttarfélaginu fyrir trúnaðarmenn eða tæp 46% á móti tæpum 39% í fyrirlögninni 2017.



Mynd 24. Finnst þér að stéttarfélagið eigi að standa fyrir meiri eða minni fræðslu fyrir trúnaðarmenn en nú er í boði?

### HVAÐ ÞARF HELST AÐ FRÆÐAST FREKAR UM?


Spurt var hvað af eftirtöldum þáttum viðkomandi hefði sem trúnaðamaður þörf fyrir að fræðast frekar um. Settir voru fram 22 valmöguleikar. Sjá má að í báðum fyrirlögnum spurningalistans höfðu margir trúnaðarmen þörf fyrir að fá fræðslu um starfsmannasamtöl og starfsþróun, veikindi, slys og tryggingar, uppsagnir og/eða áminningar, lífeyrismál og samskipti á vinnustað. Einnig má sjá nokkurn mun á þörfum trúnaðarmanna fyrir fræðslu milli fyrirlagna spurninga- listans. Mun hærra hlutfall trúnaðarmanna greindu frá því í síðari fyrirlögninni (2017) að þeir hefðu þörf fyrir að fræðast meira um starfsemi sjóða KÍ eða tæp 55% á móti tæpum 34% árið 2013. Einnig um starfsemi aðildarfélags en rúm 23% trúnaðarmanna árið 2017 merkti við slíka fræðslu en aðeins tæp 13% árið 2013. Í fyrri fyrirlögninni (2013) var mun hærra hlutfall trúnaðarmanna sem hafði þörf fyrir fræðslu um vinnutíma eða tæp 37% á móti rúmum 21% árið 2017.



Mynd 25. Hvað af eftirtöldu hefur þú, sem trúnaðarmaður, þörf fyrir að fræðast frekar um?

## HENTUGASTA FRÆÐSLUFORMIÐ

Spurt var hvaða fræðsluform henti fyrir trúnaðarmenn. Gefnir voru upp sex valkostir auk þess sem trúnaðarmenn gátu skrifað inn sitt svar. Sjá má að trúnaðarmenn voru almennt sammála um hvaða fræðsluform hentaði best, þ.e. hlutfallslega flestir í báðum fyrirhögnum töldu að námskeið hentuðu vel sem og fyrirlestrar og ráðstefnur eða málþing. Einnig má sjá að trúnaðarmenn í fyrri fyrirhögninni (2013) töldu í mun meira mæli en trúnaðarmenn í seinni fyrirhögninni (2017) að samantekt á efni sent út með tölvupósti hentaði viðkomandi.



Mynd 26. Hvaða fræðsluform hentar þér?

## LOKAORÐ

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir meginniðurstöðum rannsóknar á starfsaðstæðum trúnaðarmanna Kennarasambands Íslands og viðhorfum þeirra til ýmissa þátta í starfi trúnaðarmanns. Bornar voru saman niðurstöður úr fyrirhögnunum 2013 og 2017.

Skemmst er frá því að segja að verkefnum sem koma inn á borð trúnaðarmanna fjölgaði nokkuð milli fyrirhagna spurningalistans og verkefni eins og að sjá um atkvæðagreiðslu um kjarasamning eða boðun verkfalla og upplýsingagjöf frá aðildarfélagi eða KÍ voru fyrirferðarmeiri í síðari fyrirhögn spurningalistans (2017) en þeirri fyrri (2013). Einnig mátti sjá að minna var um mál sem tengdust samskiptum á vinnustað, vinnutíma eða orlofi, fæðingar- og foreldraorlofi í fyrirhögninni 2017 en 2013. Þá vekur athygli aukning í fjölda mála sem koma frá vinnuveitanda eða skólastjórnendum til trúnaðarmanna.

Stéttarfélag hefur minni aðkomu að lausn verkefna sem trúnaðarmenn sinntu í síðari fyrirhögninni en þeirri fyrri en fræðsluskrifstofa, starfsmannastjóri eða mannausstjóri komu að mun fleiri verkefnum í fyrirhögninni 2017. Eins mátti sjá að trúnaðarmenn í fyrirhögninni 2017 voru almennt ánægðari með aðkomu annarra að laus verkefna en trúnaðarmenn í fyrirhögninni

2013. Trúnaðarmenn í síðari fyrirlögninni hafa oftast svigrúm til að sinna trúnaðarmannastörfunum á vinnutíma en trúnaðarmenn í fyrri fyrirlögninni en þó má sjá að hlutfallslega færri trúnaðamenn hafa góða aðstöðu á vinnustaðnum til að sinna trúnaðarmannastarfinu í fyrirlögninni 2017 en 2013.

Hærra hlutfall trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 en 2013 höfðu fengið umbun frá skólastjórnendum/vinnuveitendum fyrir störf sem trúnaðarmaður, auk þess sem hærra hlutfall trúnaðarmanna 2017 taldi að greiðslur fyrir trúnaðarmannastarfið væri ákjósanleg umbun.

Almennt séð má sjá að upplýsingagjöf til trúnaðarmanna er mun meiri í fyrirlögninni 2017 en 2013 varðandi þá þætti sem spurt var um. Hvað varðar samskipti við skólastjórnendur og vinnuveitendur má sjá að hærra hlutfalli trúnaðarmanna er synjað um að sækja þing, fundi, ráðstefnur og námskeið á vegum aðildarfélags/KÍ í fyrirlögninni 2017 auk þess sem hærra hlutfall trúnaðamanna í þeirri fyrirlögn skýrði frá því að hafa verið látinn gjalda þess í starfi eða á annan hátt að viðkomandi væri trúnaðarmaður.

Lægra hlutfall trúnaðarmanna í fyrirlögninni 2017 hefur sótt fræðslu sem trúnaðarmaður á skólaárinu og má helst sjá að trúnaðarmennirnir höfðu þegar sótt þá fræðslu sem var í boði fyrir trúnaðarmenn. Töldu trúnaðarmenn í fyrirlögninni 2017 að þeir hefðu meiri þörf fyrir fræðslu um starfsemi sjóða KÍ og um starfsemi aðildarfélaga. Námskeið, fyrirlestrar og ráðstefnur og málþing er það fræðsluform sem trúnaðarmenn töldu henta þeim.